



Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Ríkisendurskoðun

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2019



Desember 2020

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun á ársreikningi Lögreglustjórans á Suðurnesjum fyrir árið 2019.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi embættisins og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur embættisins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu sem rekja má til Covid-19 fór gagna- og

upplýsingaöflun vegna endurskoðunar ársins 2019 eingöngu fram í gegnum fjarfundi og með rafrænum hætti.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.

Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur embættisins var síðast endurskoðaður 2015 vegna ársins 2014.

Efnisyfirlit

Inngangur	2	5.7	Niðurstöður.....	11
1 Ábendingar og athugasemdir	4	6	Endurskoðun rekstrarliða.....	12
2 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum	5	6.1	Sértekjur.....	12
2.1 Viðbrögð Lögreglustjórans á Suðurnesjum	5	6.2	Launagjöld	12
3 Fjárveiting og rekstur	6	6.3	Önnur rekstrargjöld.....	13
3.1 Fjárveitingar.....	6	6.4	Tekjufærsla fjárveitinga.....	13
3.2 Rekstraráætlun	7	6.5	Niðurstöður.....	13
3.3 Niðurstöður/ábendingar	7	7	Endurskoðun efnahagsliða	14
4 Innra eftirlit	8	7.1	Eignir	14
4.1 Inngangur.....	8	7.2	Eigið fé og skuldir	15
4.2 Umfjöllun.....	8	7.3	Niðurstöður/ábendingar	16
4.3 Niðurstöður/ábendingar	9	8	Önnur atriði	17
5 Fylgni við lög og reglur	10	8.1	Samþykkt ársreiknings	17
5.1 Inngangur.....	10	8.2	Lögfræðibréf.....	17
5.2 Ferðakostnaður	10	8.3	Óhæðisyfirlýsing	17
5.3 Risna	10			
5.4 Opinber innkaup.....	10			
5.5 Innkaupakort.....	10			
5.6 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur	11			

1 Ábendingar og athugasemdir

1

Innra eftirlit

Ýmsir þættir stuðla að virku innra eftirliti hjá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum auk þess að embættið er í greiðslu- og bókhaldspjónustu Fjársýslu ríkisins. Til að efla innra eftirlit embættisins er mælt til að eftirfarandi atriði verði tekin til skoðunar:

Lokið verði við skjalfestingu helstu verkferla sem snúa að fjármálum og rekstri og samhliða verði ábyrgðasvið starfsmanna sem koma að þessum málum skilgreind.

Farið verði yfir aðgangsmál starfsmanna að fjárhagskerfum embættisins og óviðeigandi aðgangi lokað. Einnig þarf að skoða hvort að aðgangur að bankareikningum sé í samræmi við ábyrgðasvið viðkomandi starfsmanna.

Æskilegt er að fleiri en einn starfsmaður komi að samþykkt einstakra útgjalda þar sem það á við. Auk þess þarf að tryggja að lögreglustjóri komi að samþykkt stærri útgjalda og tiltekinna útgjalda eins og t.d. vegna risnu.

2

Gögn að baki launaafgreiðslu

Við úrtaksskoðun launa kom í ljós að í örfáum tilvikum vantaði gögn vegna launagreiðslu einstakra starfsmanna. Fara þarf yfir verkferla vegna launaafgreiðslu og tryggja að öll gögn sem liggja til grundvallar útborguðum launum séu til staðar og þau varðveitt með skipulegum hætti.

3

Vörslufé

Bæta má skráningu upplýsinga um vörslufé í bókhaldi. Við gerð verklagsreglna um vörslufé þarf að tryggja að verklagsferlar vegna umsýslu vörslufjár séu skýrir.

2 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum

2.1 Viðbrögð Lögreglustjórans á Suðurnesjum

Eftirfarandi viðbrögð bárust frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum vegna ábendinga og athugasemda sem gerðar eru vegna endurskoðunar ársins 2019 í þessari skýrslu, sjá kafla 1. Í svörum stjórnenda kemur fram að ætlun þeirra er að taka fullt tillit til ábendinga og athugasemda og nýta við stjórnun og stefnumótun.

1. Innra eftirlit

„Embættið tekur undir að ljúka þurfi skráningu verkferla. Verður það verkefni sett í forgang sem og að fara yfir aðgangsmál. Samþykktarferli embættisins hefur verið að styrkjast á árinu 2020 og hefur embættið nú gætt þess að það séu a.m.k. tveir samþykkjendur á bak við hver útgjöld. Embættið mun tryggja aðkomu lögreglustjóra að stærri útgjaldaliðum.“

2. Gögn að baki launaagreiðslu

„Fyrirhuguð er úttekt jafnlaunavottunar í byrjun desember 2020 en nú þegar hefur innri úttekt átt sér stað. Embættið er að taka upp gæðakerfi og var innleiðing þess samhlíða jafnlaunavottun. Verkferlar hjá embættinu, og rýni þeirra, verða því í gæðakerfinu. Stefnt er að bæta verulega skjölun og á það einnig við um launagögn.“

3. Vörslufé

„Embættið mun taka þessa ábendingu til skoðunar og bæta úr.“

3 Fjárveiting og rekstur

3.1 Fjárveitingar

3.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting¹ ársins 2019 vegna rekstrar til Lögreglustjórans á Suðurnesjum nam 2.235,3 m.kr. eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2019. Til viðbótar þeirri fjárveitingu bætast við millifærslur fjárveiting vegna tveggja opinberra heimsókna 3,6 m.kr. og tekjufærslu frestaðra tekna vegna afskrifta nam 9,0 m.kr. Endanlegar fjárveitingar vegna reksturs Lögreglustjórans á Suðurnesjum námu því 2.247,9 m.kr.

Gjöld að frádregnum sértekjum námu samtals 2.181,7 m.kr. og voru því um 66,2 m.kr. innan fjárheimilda eða um 2,9%. Gjöld að frádregnum sértekjum hækkuðu um 252,8 m.kr. milli ára eða um 13,1%. Helstu breytingar á rekstrarliðum milli ára var hækkun launa 192,7 m.kr. og hækkun annarra rekstrargjalda 53,7 m.kr.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2019:

Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2019

Í þús. kr.	Fjárveiting 2019	Rekstur 2019	Frávik 2019	Rekstur 2018
Sértekjur	-34.200	-70.404	36.204	-75.997
Launagjöld	1.928.000	1.919.408	8.592	1.726.699
Önnur rekstrargjöld	345.100	323.542	21.558	269.812
Eignakaup, fyrning	9.010	9.010	0	8.310
Aðrar tilfærslur	0	180	-180	153
Samtals	2.247.910	2.181.736	66.174	1.928.977

3.1.2 Fjárveiting – heimild til fjárfestingar

Fjárfestingarframlag ársins 2019 til Lögreglustjórans á Suðurnesjum nam 11,9 m.kr. eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2019. Kaup á eignum námu 9,3 m.kr. á árinu 2019. Staða fjárfestingaframlags í árslok nam í árslok nam 9,6 m.kr. samanborið við 7,0 m.kr. í upphafi árs sem er hækkun um 2,6 m.kr. eða sem nemur ónotaðri fjárheimild til fjárfestinga á árinu 2019

¹ Fjárveitingar samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál eru ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs. (En fjárheimild er heimild Alþingis, sem veitt er í

fjárlögum og fjárukalögum til ráðstöfunar á opinberu fé til málaefnasviðs og málaflokka).

3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins.

Rekstraráætlun Lögreglustjórans á Suðurnesjum fyrir árið 2019 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins (Orra). Rekstraráætlun gerði ráð fyrir 23,6 m.kr. tekjuafgangi árið 2019 en tekjuafgangur varð nokkuð hærri eða 66,2 m.kr.

3.3 Niðurstöður/ábendingar

Á árinu 2019 var rekstur embættis Lögreglustjórans á Suðurnesjum 66,2 m.kr. innan fjárveitinga. Uppsafnaður höfuðstóll nam 62,6 m.kr. í lok árs 2019. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins (Orra).

4 Innra eftirlit

4.1 Inngangur

Forstöðumaður ríkisaðila í A-hluta, eða eftir atvikum stjórn, ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

4.2 Umfjöllun

Greining og mat á innra eftirliti leiddi í ljós að ýmsir verferlar eru til staðar sem stuðla að virku innra eftirliti varðandi fjármál embættisins. Verkferlar hafa ekki verið skjalfestir en verið er að vinna að skjalfestingu þeirra. Þannig hafa verklagsreglur um innkaup embættisins og tekjuskráningu verið kynntar í yfirstjórn á þessu ári en þær ekki verið formlega samþykktar. Jafnframt hefur verið unnið að innleiðingu gæðakerfis samhliða jafnlaunavottun en þeirri vinnu er ekki lokið. Ríkisendurskoðandi telur það jákvætt skref að vinna við innleiðingu gæðakerfis og skjalfestingu ferla sé hafin en leggur áherslu á mikilvægi þess að helstu verkferlar sem snúa að fjármálum og rekstri embættisins verði skjalfestir sem fyrst og að samhliða verði ábyrgðarsvið tengd fjármálum og rekstri skilgreind.

Lögreglustjórinn er í greiðslu- og bókhaldsþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er notað við vinnslu á bókhaldi og launaafgreiðslu og viðverukerfið Vinnustund er notað fyrir skráningu á viðveru og fjarvistum starfsmanna. Eignir eru skráðar í eignaskrárkerfi Orra.

AR reikningakerfið er notað við útgáfu reikninga og innheimtu tekna hjá embættinu. Embættið er með bankareikning sem einkum er notaður vegna innheimtunnar. Auk þess er embættið með vörslureikninga vegna haldlagningar á fé í tengslum við lögreglurannsóknir.

Aðgangur að einstökum kerfishlutum í Orra og öðrum kerfum sem notuð eru og hvernig aðgangurinn er skilgreindur er stór hluti af því innra eftirlitskerfi sem til staðar er í stofnuninni. Við skoðun á skráningaraðgangi starfsmanna í Orra og undirkerfum þess kom í ljós að aðgangur örfárra starfsmanna er nokkuð víðtækur og getur hugsanlega ekki samrýmt störfum þeirra í öllum tilvikum auk þess að aðgreining starfa bókara og gjaldkera er ekki tryggð ef aðgangur er of víðtækur. Fara þarf yfir aðgangsmál starfsmanna og óviðeigandi aðgangi starfsmanna lokað. Einnig þarf að fara yfir prókúru á bankareikningum og hvort hún samræmist störfum þeirra starfsmanna sem hafa prókúru.

Tekjuskráning er gerð í AR kerfi og er í höndum fjármálastjóra og bókara. Reglur um tekjuskráninguna hafa verið skjalfestar og er stefnt að því að þær verði kynntar formlega fyrir yfirstjórn á þessu ári.

Unnið er samkvæmt mannauðsstefnu Ríkislögreglustjóra sem tekur til allra embætta. Jafnlaunastefna embættisins var samþykkt á á árinu 2019. Vinnu við jafnlaunavottun er ekki lokið en miðað er við að þeirri vinnu verði haldið áfram á þessu ári. Ráðningarsamningar eru gerðir við alla starfsmenn. Lögreglustjóri skrifar undir allar setningar og skipanir í störf og ráðningarsamninga við stjórnendur deilda. Stjórnendur deilda skrifa undir ráðningarsamninga í sínum deildum í umboði lögreglustjóra. Breytingar á

ráðningarsamningum eru gerðar með formlegum hætti og samþykktar af yfirmönnum. Gögn vegna starfsmanna eru geymd með skipulegum hætti í starfsmannamöppum í læstum hirslum. Tímaskráning starfsmanna fer fram í Vinnustund og yfirmenn deilda fara yfir tímaskráningu og samþykkja. Mannauðsdeild fer yfir og hefur eftirlit með launagreiðslunni. Launaferlar eru til staðar en beðið er eftir gæðakerfi til að skjalfesta þá með formlegum hætti.

Rafrænt samþykktarferli er notað til að samþykkja alla reikninga sem stofnuninni berast og lögð er áhersla á að reikningar séu rafrænir. Yfirmenn viðkomandi deilda samþykkja innkaupareikninga sem tilheyra þeirra deild og fjármálastjóri samþykkir reikninga vegna yfirstjórnar, skrifstofu og lögfræðideildar. Ferðareikningar eru samþykktir af yfirmanni viðkomandi starfsmanns og fjármálastjóra auk þess að lögreglustjóri samþykkir ferðabeirni. Bent er á að æskilegt er að tveir aðilar komi að samþykkt útgjalda auk þess sem tryggja þarf að lögreglustjóri komi að samþykkt stærri útgjalda og tiltekinna útgjalda eins og t.d. vegna risnu.

4.3 Niðurstöður/ábendingar

Ýmsir þættir eru til staðar hjá embættinu sem stuðla að virku innra eftirliti varðandi fjármál embættisins auk þess að embættið er í greiðslu- og bókhaldsþjónustu Fjársýslu ríkisins. Ríkisendurskoðandi telur þó að gera megi úrbætur þannig að innra eftirlit embættisins verði skilvirkara en þær helstu eru:

Mikilvægt er að skjalfestingu helstu verkferla sem snúa að fjármálum og rekstri verði lokið sem fyrst og að samhliða verði ábyrgðarsvið tengd fjármálum og rekstri skilgreind.

Fara þarf yfir aðgangsmál starfsmanna og óviðeigandi aðgangi starfsmanna lokað. Einnig þarf að fara yfir prókúru á bankareikningum og kanna hvort hún samræmist störfum þeirra starfsmanna sem hafa prókúru.

Bent er á að æskilegt er að tveir aðilar komi að samþykkt útgjalda auk þess sem tryggja þarf að lögreglustjóri komi að samþykkt stærri útgjalda og tiltekinna útgjalda eins og t.d. vegna risnu.

5 Fylgni við lög og reglur

5.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur embættis hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 3. Eftirfarandi liðir voru teknir til skoðunar vegna ársins 2019.

5.2 Ferðakostnaður

Við skoðun á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu- og ferðakostnað vegna ferðalaga á vegum ríkisins að mestu fylgt og það á einnig við um uppgjör slíkra ferða. Ferðauppgjörskerfi er notað vegna ferða erlendis og samþykkt lögreglustjóra liggur fyrir við uppgjör einstakra ferða. Ferðakostnaður innanlands er greiddur eftir reikningum.

Á árinu 2019 eru greidd fargjöld erlendis fyrir aðstoðarsaksóknara samtals að fjárhæð 821.701 kr. en hann er búsettur í París og er um ræða fargjöld vegna mánaðarlegra vinnuferða til Íslands. Þessar greiðslur fóru ekki gegnum ferðauppgjörskerfi og voru ekki samþykktar af lögreglustjóra.

5.3 Risna

Við skoðun reikninga vegna risnu kom í ljós að tilefni risnu var skráð á reikninga auk þess að sérstakt eyðublað „risnuheimild“ var í einhverjum tilvikum notað. Formlegt samþykki lögreglustjóra fyrir risnuútgjöldum lá ekki fyrir á reikningum eins og reglur kveða á um og er óskað eftir að úr því verði bætt.

5.4 Opinber innkaup

Skriflegar verklagsreglur hafa verið kynntar en ekki verið formlega samþykktar. Tilgangur með skjalfestingu þeirra er að skerpa á vinnubrögðum sem nú þegar er unnið eftir.

Við innkaup er miðað við að fylgja lögum um opinber innkaup. Rammasamningar eru notaðir og embættið hefur farið í örútboð og var aðilum að rammasamningi boðið að taka þátt. Einnig hefur embættið verið í samvinnu við Ríkiskaup og Lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu varðandi útboð á lögreglubifreiðum. Við smærri innkaup eru verðfyrirspurnir gerðar og verð og gæði metin. Innkaupastefna hefur ekki verið samþykkt en vinna við hana er hafin og er stefnt að innleiðingu innkaupastefnu á þessu ári.

5.5 Innkaupakort

Greitt er fyrir ferðir embættisins með greiðslukorti en auk þess er innkaupakort hjá fjármálastjóra sem lítið er notað. Til viðbótar eru nokkrir starfsmenn með beiðnabækur. Fjármálastjóri fer með reglubundnum hætti yfir beiðnir og ber saman við reikninga auk þess að senda fyrirspurnir til yfirmanna vegna einstakra reikninga. Bensínkort eru notuð við úttekt eldsneytis.

5.6 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og merking reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færist til eignar á viðskiptareikningi embættisins við ríkissjóð.

5.7 Niðurstöður

Ekki verður annað séð en embættið fylgi að mestu leyti lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald. Gerð er athugasemd við tvö atriði en þau eru eftirfarandi:

Gerð er athugasemd við fargjaldagreiðslur til starfsmanns sem búsettur er í París en ekki liggur fyrir samþykki lögreglustjóra á kostnaði við kaup á fargjöldum vegna hans

Gerð er athugasemd við að reikningar vegna risnu voru ekki sérstaklega samþykktir af lögreglustjóra eins og reglur kveða á um.

6 Endurskoðun rekstrarliða

Tafla 2 Rekstraryfirlit 2019

Í þús. kr.	2019	2018	Breyting
Tekjur			
Seld þjónusta	56.961	65.171	-8.211
Framlög og ýmsar tekjur	13.443	10.825	2.619
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	9.010	8.310	700
Alls tekjur	79.414	84.305	2.619
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	1.902.952	1.692.460	210.492
Orlofsskuldbinding	6.735	26.850	-20.114
Starfsmannakostnaður	9.721	7.389	2.331
Vörukaup	65.113	48.463	16.650
Funda- og ferðakostnaður	41.337	36.739	4.597
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	31.187	21.268	9.919
Leigugjöld, verkkaup o.fl.	127.308	112.518	14.790
Kostnaðarhlutdeild	58.777	50.977	7.800
Eignakaup, fyrningar	9.010	8.310	700
Alls gjöld	2.252.139	2.004.973	247.166
Tekjufærsla fjárveitinga	2.238.900	1.908.800	330.100
Tekjur umfram gjöld	66.174	-11.867	78.041

Samkvæmt niðurstöðu rekstrarreiknings fyrir árið 2019 námu tekjur umfram gjöld 66,2 m.kr. samanborið við 11,9 m.kr. halla árið áður.

6.1 Sértekjur

Innheimta sértekna fer fram í gegnum AR hluta Orra. Sértekjur námu 79,4 m.kr. á árinu 2019 og lækkuðu um 2,6 m.kr. en það voru einkum tekjur vegna seldrar þjónustu sem lækkuðu milli ára. Tekjur vegna seldrar þjónustu námu 57,0 m.kr. á árinu 2019 og lækkuðu um 8,2 m.kr. Stór þáttur í þessum tekjum eru vegna bakgrunnsskoðana starfsmanna sem starfa í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Lækkun þessara tekna frá fyrra ári má einkum rekja til falls Wow air og þeirra áhrifa sem það hafði á rekstur flugstöðvarinnar. Framlög og ýmsar tekjur hækka um 2,6 m.kr. en um er að ræða endurgreiddan ferðakostnað frá Frontex og Evrópusambandinu vegna samstarfs um landamæravörslu.

Innheimta sektargreiðslna fer fram í gegnum TBR kerfið og renna tekjur vegna slíkra greiðslna beint í ríkissjóð. Innheimta sektargreiðslna var ekki sérstaklega skoðuð í þessari endurskoðun.

6.2 Launagjöld

Launagjöld voru endurskoðuð með fyrirspurnum og greiningum. Gerð var úrtaksskoðun á launum ársins 2019. Heildarlaun námu 1.909,7 m.kr. á árinu 2019 samanborið við 1.719,3 m.kr. á árinu 2018 sem er hækkan um 11,1% milli ára. Ársverk voru 165,3 og hafði fjölgað um 13,9 frá árinu á undan. Heildarlaun per ársverk voru því um 1,9% hærri en árið áður.

Fjársýsla ríkisins sér um útreikning launa en launaafgreiðsla fer fram innan embættisins. Að baki launagreiðslum eru ráðningarsamningar og skráning í rafrænt tímaskráningarkerfi, Vinnustund. Breytingar á ráðningarsamningum eru gerðar með formlegum hætti. Tímaskráningarkerfi er notað til að halda utan um viðveru og fjarveru starfsmanna og mánaðarlega er orlofsskuldbinding færð í HR kerfið í samræmi við skráningu í Vinnustund.

Gerð var úrtaksskoðun á launagreiðslum 1. nóvember 2019 en 16 starfsmenn voru valdir í úrtak og ráðningarsamningar og breytingar á þeim ásamt gögnum um viðbótargreiðslur skoðuð. Almennu voru ráðningarsamningar og breytingar á þeim ásamt gögnum um viðbótargreiðslur fyrirbyggjandi. Í örfáum tilvikum vantaði gögn um breytingar á ráðningarsamningum og gögn um fasta yfirvinnu og er gerð athugasemd vegna þess og óskað eftir að farið verði yfir verkferla vegna launa. Mikilvægt er að viðeigandi gögn liggja að baki launaafgreiðslu.

6.3 Önnur rekstrargjöld

Önnur rekstrargjöld voru endurskoðuð með fyrirspurnum og greiningum. Önnur rekstrargjöld námu 342,5 m.kr. samanborið við 285,7 m.kr. árið áður eða hækkun um 19,9%.

Stærstu einstöku liðir annarra rekstrargjalda á árinu 2019 voru vegna leigugjalda lögreglubifreiða 61,1 m.kr., kostnaðarhlutdeildar í sameiginlegri þjónustu 58,8 m.kr. og húsaleigu 35,4 m.kr. Greiðslur vegna almennrar kostnaðarhlutdeildar eru að stærstum hluta til Ríkislögreglustjóra svo og greiðslur vegna leigugjalda lögreglubifreiða. Aðrir stórir liðir á árinu 2019

eru tengdir starfsmannahaldi en keyptar máltíðir og kaffiveitingar námu 17,7 m.kr., aksturskostnaður nam 17,5 m.kr., kostnaður við vinnufatnað nam 23,0 m.kr. og erlendur ferðakostnaður nam 12,8 m.kr.

6.4 Tekjufærsla fjárveitinga

Framlag ríkissjóðs á árinu 2019 nam 2.238,9 m.kr. á árinu 2019 auk 9,0 m.kr. framlags til afskrifta eða samtals 2.247,9 m.kr. til rekstrar.

6.5 Niðurstöður

Farið var yfir rekstur embættisins með greiningu og úrtaksskoðun þar sem það átti við. Úrtaksskoðun launa leiddi til eftirfarandi athugasemdar:

Við úrtaksskoðun launa kom í ljós að í örfáum tilvikum vantaði gögn vegna launagreiðslu. Fara þarf yfir verkferla vegna launaafgreiðslu og tryggja að öll gögn sem liggja til grundvallar útborguðum launum séu til staðar og þau varðveitt með skipulegum hætti.

7 Endurskoðun efnahagsliða

Tafla 3 Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Í þús. kr.	31.12 2019	31.12 2018	Breyting
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	41.186	42.112	-926
Verk í vinnslu	1.209	0	1.209
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	19.399	30.720	-11.321
Ríkissjóður	264.755	145.460	119.295
Vörslufé	25.798	13.266	12.532
Handbært fé	3.475	2.958	518
Eignir alls	355.822	234.515	121.307
Eigið fé og skuldir			
Höfuðstóll	62.634	-3.375	66.010
Viðskiptaskuldir	42.034	19.280	22.754
Ýmsar skammtímaskuldir	173.393	156.273	17.120
Vörslufé	25.798	13.266	12.532
Frestun tekjuf. fjárfestingarheim.	51.962	49.072	2.890
Eigið fé og skuldir alls	355.822	234.515	121.307

Í árslok 2019 námu eignir 355,8 m.kr., skuldir námu 293,2m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 62,6 m.kr.

7.1 Eignir

7.1.1 Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignfærsla fastafjármuna hefur verið gerð frá og með árinu 2017, ásamt öðrum breytingum, í kjölfar setningar laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF). Eignir eru skráðar í eignakerfi Orra. Afskriftahlutfall er breytilegt milli einstakra flokka eigna.

Mismunur á eignaskrárkerfi og fjárhagsbókhaldi í árslok 2019 nam kr. 70.505. Samkvæmt upplýsingum frá embættinu stendur til að fara yfir eignaskrárkerfi og leiðrétt hugsanlegar skekkjur í eignaskránni. Mikilvægt er einnig að tryggð sé að samræmi sé á milli eignaskrárkerfis og fjárhagsbókhalds.

7.1.2 Verk í vinnslu

Staða vegna verka í vinnslu var 1,2 m.kr. í árslok 2019 en um er ræða kaup á skjalarekkum í tengslum við endurbætur á húsnæði embættisins.

7.1.3 Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur námu 19,4 m.kr. í árslok 2019 samanborið við 30,7 m.kr. í árslok 2018. Að stærstu leyti er um að ræða útgefna reikninga að fjárhæð 17,1 m.kr. Enginn mismunur var á stöðu viðskiptakrafna í AR og GL. Óinnheimtir reikningar í árslok 2019 voru að mestu leyti uppgerðir á árinu 2020. Inneign hjá kortafyrirtæki var gerð upp í upphafi árs 2020. Við skoðun á öðrum kröfum kom í ljós að í örfáum tilvikum eru þær enn óuppgerðar og er mælt til að þær verði gerðar upp.

7.1.4 Ríkissjóður

Inneign hjá ríkissjóði nam 264,8 m.kr. í árslok 2019 samanborið við 145,5 m.kr. inneign í upphafi árs sem er hækkun um 119,3 m.kr.

Krafa á ríkissjóði vegna orlofsskuldbindinga var færð í árslok 2017 að fjárhæð 118,8 m.kr. og hefur ekki breyst. Færsla var gerð samkvæmt fyrirráðum Fjárflystis ríkisins.

7.1.5 Vörslufé

Í árslok 2019 var staða vörslufjárreikninga hjá embættinu samtals að fjárhæð 25.797,9 m.kr. Um er að ræða 39 bankareikninga sem allir eru í vörslu Landsbankans. Um er að ræða haldlagt fé í tengslum við rannsókn lögreglumála. Við lok mála rennur féð ýmist til ríkissjóðs eða er endurgreitt til viðkomandi aðila eftir því hverjar lyktir máls eru.

Staðfestingarbréf var sent í banka til að staðfesta stöðu vörslufjár í árslok. Staða í banka var í samræmi við stöðu í bókhaldi 31.12.2019. Bæta má skráningu vörslufjár í bókhaldi þannig að fyrir liggi með skýrum hætti hvaða bankareikningur er að baki hverri stöðu í bókhaldi. Unnið er að gerð verklagsreglna um umsýslu vörslufjár en áréttað er að verkferlar með vörslufé séu skýrir.

7.1.6 Handbært fé

Handbært fé nam 3,5 m.kr. í árslok 2019 samanborið við 3,0 m.kr. í árslok 2018. Um er að ræða inneign á bankareikningi hjá Landsbankanum 3,4 m.kr. og sjóð að fjárhæð 44.155 kr.

Bankareikningur er að mestu leyti notaður til að taka á móti tekjum og til að greiða reikninga í stöku tilfellum. Bókari embættisins er með prókúru auk skjalastjóra sem einnig er með prókúru þar sem hann leysir bóka af í sumarleyfum. Fjármálastjóri er ekki með prókúru á bankareikningum.

Sjóðstalning á sjóði í árslok var fyrirbyggjandi auk afstemmingar á bankareikningi við stöðu í bókhaldi. Staðfestingarbréf var sent í 4 banka til að kanna inneignir á bankareikningum og staðfesta stöðu einstakra bankareikninga í bókhaldi í árslok 2019. Staða var í samræmi við bókhald að teknu tilliti til óbókfærðra innborgana að fjárhæð 46.498 kr.

7.2 Eigið fé og skuldir

7.2.1 Höfuðstóll

Eigið fé embættis Lögreglustjórans á Suðurnesjum nam 62,6 m.kr. í árslok 2019 en var neikvætt um 3,4 m.kr. árið áður. Breyting á höfuðstól nemur 66,2 m.kr. eða sem nemur tekjuafgangi ársins 2019 sem var 66,2 m.kr.

7.2.2 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir í lok árs námu 42,0 m.kr. samanborið við 19,3 m.kr. í árslok 2018 sem er hækkun um 22,8 m.kr. Enginn mismunur er á stöðu ógreiddra gjalda í AP og GL. Við endurskoðun voru greiðslur í ársbyrjun 2020 til greiðslu viðskiptaskulda yfirfarnar án athugasemda.

7.2.3 Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir námu 173,4 m.kr. í árslok 2019 og höfðu þær aukist um 17,1 m.kr. milli ára. Helstu kuldir eru vegna orlofsskuldbindinga 139,6 m.kr. og annarra frískuldbindinga 23,2 m.kr. Kerfislæg færsla vegna launahækkana sem gert var ráð fyrir á árinu 2019 að samið yrði um í kjarasamningum á árinu 2020 nam 10,6 m.kr.

7.2.4 Vörslufé

Staða vörslufjár nam 25,8 m.kr. í árslok 2019, sjá umfjöllun í kafla 7.1.5.

7.2.5 Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda

Á árinu 2017 var byrjað að færa fyrirfram greiddar tekjur eða frestun tekjufærslu vegna fjárveitingar til fjárfestingar í framhaldi af þeirri breytingu samkvæmt LOF að gjaldæra einungis afskriftir af varanlegum rekstrarfjármunum. Fram til ársins 2017 voru kaup á eignum svo sem húsbúnaði, tækjabúnaði, tölvum og stærri eignum svo sem bifreiðum og fasteignum gjaldfærðar hjá stofnunum í A-hluta á kaupári og fjárveiting til kaupanna tekjufærð á sama ári. Frá og með 2017 eru slík kaup eignfærð og reiknaðar árlegar afskriftir af eignum. Þær fjárveitingar sem eru til kaupanna eru því færðar skuldamegin í efnahagsreikningi að frádregnum þeim fjárheimildum sem eru færðar í rekstrarreikning á móti afskriftum.

Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda nam 52,0 m.kr. í árslok 2019 og hafði hækkað um 3,9 m.kr. milli ára sem nemur eignakaupum ársins 2019 að frádregnum afskriftum en þær námu 9,0 m.kr. á árinu 2019.

7.3 Niðurstöður/ábendingar

Taka þarf eftirfarandi atriði til skoðunar:

Taka þarf mismun á eignaskráningarkerfi og fjárhagsbókhaldi til skoðunar þannig að kerfin stemmi innbyrðis.

Gera þarf upp ógreiddar kröfur embættisins en um örfáar kröfur er að ræða og í öllum tilvikum er um fremur lágar fjárhæðir að ræða.

Bæta má skráningu vörslufjár í bókhaldi þannig að fyrir liggi með skýrum hætti hvaða bankareikningur er að baki hverri stöðu í bókhaldi. Við gerð verklagsreglna um vörslufé er áréttað að verkferlar vegna umsýslu vörslufjár séu skýrir.

8 Önnur atriði

8.1 Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur Lögreglustjórans á Suðurnesjum var samþykktur af settum lögreglustjóra embættisins með rafrænni undirskrift 31. ágúst 2020 Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til embættisins af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af settum lögreglustjóra embættisins 31. ágúst 2020

8.2 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi að þessu sinni. Samkvæmt upplýsingum í staðfestingarbréfi stjórnenda voru engin málaferli í gangi sem kunna að hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu embættisins.

8.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is